

Fundargerð 903. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 26. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Eypór Laxdal Arnalds, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Gauti Jóhannesson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir. Í fjarfundarsambandi voru Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Einarsson, Rakei Óskarsdóttir og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Dóra Björt Guðjónsdóttir mætti í hennar stað. Kristján Þór Magnússon boðaði forföll, varamaður hans Gauti Jóhannesson mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 902. fundar - 2101077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 902. fundar stjórnar sambandsins frá 29. október 2021.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Fundir Jónsmessunefndar - 2101016SA

Lagðar fram fundargerðir 19. og 20. fundar samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 6. október og 10. nóvember 2021. Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá því að nk. mánudag verði haldinn fundur í Jónsmessunefnd þar sem fjallað verður um fjármálastefnu nýrrar ríkisstjórnar.

3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lagðar fram fundargerðir 9. og 10. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 22. september og 10. nóvember 2021.

4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 68. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 29. október 2021. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir málinu.

Stjórnin áréttar, með vísan til 3. liðar fundargerðar verkefnisstjórnar um úrgangsmál, að mikilvægt er að hefja nú þegar undirbúning fyrir gildistöku lagabreytinganna og uppfæra svæðisáætlanir með hliðsjón af þeim og nýlega samþykktri stefnu um meðhöndlun úrgangs. Öll útboð sem framundan eru, er varða söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs, þurfa að taka tillit til umræddra lagabreytinga.

5. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2009307SA

Lögð fram fundargerð 57. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 10. nóvember 2021.

Stjórnin samþykkir að sambandið sendi erindi til sveitarfélaga þar sem þau verði hvött til að huga að þeim stjórnsýslubreytingum sem breytt skipan barnaverndar gerir kröfur um. Jafnframt verði sveitarfélögum tilkynnt um að sambandið stefni að því að halda fræðslu- og kynningarfund um málið fyrir sveitarfélögin í desember, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið.

6. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2009079SA

Lögð fram fundargerð 136. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 10. nóvember 2021. Sérstök athygli var vakin á því að stefnt er að því að halda Skólaping sambandsins 21. febrúar 2022.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skorar á heilbrigðisráðherra að stíga inn og leysa þann ágreining sem hefur verið í viðræðum Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og starfandi talmeinafræðinga. Núverandi staða bitnar hart á hagsmunum skólabarna, sem ekki fá nauðsynlega þjónustu. Hratt fjölgar á biðlistum á sama tíma og starfsmöguleikar nýútskrifaðra talmeinafræðinga eru skertir með óraunhæfum kröfum. Fyrir liggur að ríkið hefur horfið frá slíkum kröfum í tilvikum annarra sérfræðistétta og sanngirnismál gagnvart fjölskyldum skólabarna að sama gildi um talmeinafræðinga. Minnt er á efni viljayfirlýsingar frá 7. september 2018, um aukið samstarf í þágu barna. Heilbrigðisráðherra ritaði undir þessa yfirlýsingu ásamt fleiri ráðherrum, auk sambandsins. Ekki verður annað séð en að framkvæmd SÍ á talmeinaþjónustu við skólabörn vinni þvert gegn þeim markmiðum sem yfirlýsingin stefnir að og sem fest voru í lög um samþættingu þjónustu í þágu barna sem Alþingi samþykkti þann 11. júní sl. Einboðið er því að horfið verði frá þeim einhliða skilmálum sem SÍ hefur sett fyrir greiðsluhlutdeild í talmeinaþjónustu, einkum því skilyrði að talmeinafræðingur afli sér tveggja ára reynslu áður en kemur til greiðsluhlutdeildar af hálfu ríkisins vegna veittrar þjónustu. Óhjákvæmilegt er að ráðherra taki nú þegar af skarið í þessu efni og setji hagsmuni barnanna í forgang með því að fella út þau skerðingarákvæði sem illu heilli voru sett inn í svokallaðan rammasamning. Ekki má verða frekari dráttur á stefnubreytingu varðandi starfsumhverfi talmeinafræðinga og að sérstaða þessarar mikilvægu þjónustu sé viðurkennd. Hlaupi enn meiri harka í samskiptin munu allir aðilar biða tjón af, börn, fjölskyldur þeirra og skólasamfélagið í heild.

7. Staða kjaramála - 2109025SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 23. nóvember 2021, um stöðu kjaramála í nóvember 2021. Sviðsstjóri kjarasviðs gerði grein fyrir málinu.

8. Starfsáætlun stjórnar sambandsins - 2111026SA

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022. Einnig lagt fram uppfært dagatal stjórnar fyrir árið 2022.

Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi drög að starfsáætlun stjórnar sambandsins fyrir árið 2022. Einnig samþykkir stjórn uppfært dagatal stjórnar 2022.

9. Tilnefning í stýrihóp til að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum - 2110009SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 28. október 2021, þar sem Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp til að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum, og Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóri Kölku sorpeyðingarstöð s.f., til vara.

10. Tilnefning í matshóp varúðarsjóðs - 2111011SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, dags. 9. nóvember 2021, þar sem Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, sérfræðingur á áætlana- og uppgjörsskrifstofu Reykjavíkurborgar sem fer með teymisstjórn vegna uppgjöra hjá Reykjavíkurborg, og Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, eru tilnefnd í matshóp varúðarsjóðs.

11. Endurtilnefning í verkefnisstjórn vegna verkefnisins Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa - 2106025SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 10. nóvember 2021, þar sem Einar Freyr Elínarson, oddviti í Mýrdalshreppi, er tilnefndur í verkefnisstjórn vegna verkefnisins Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa í stað Jóhanns Friðriks Friðrikssonar, sem beðist hefur lausnar sem fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórninni.

12. Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu - 2111001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 1. nóvember 2021, um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, mál nr. S-184/2021.

13. Umsögn um reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088-2013 um reykköfun - 2111005SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 12. nóvember 2021, um reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun, mál nr. S-202/2021.

14. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 2009042SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 18. nóvember 2021, um 41. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins sem fram fór dagana 26.-28. október 2021.

15. Könnun sambandsins á ýmsum þáttum tengdum heimsmarkmiðum 12 og 13 - 2009224SA

Lagt fram til kynningar minnisblað verkefnisstjóra í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 24. nóvember 2021, um könnun sambandsins á ýmsum þáttum tengdum heimsmarkmiðum 12 og 13. Framkvæmdastjóri vakti Athygli á málinu.

16. Samræmdar merkingar úrgangstegunda - 2009210SA

Lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 24. nóvember 2021, um innleiðingu samræmdra norrænna merkinga fyrir flokkun og skil úrgangs.

17. Styrkir til fráveituframkvæmda auglýstir til umsókna - 2104017SA

Lögð fram til kynningar frétt á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem styrkir til fráveituframkvæmda eru auglýstir til umsókna.

Fundi var slitið kl. 14:43.

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Gauti Jóhannesson

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026